

Sveigjanlegt nám – sveigjanlegir kennsluhættir

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum

Lok verkefnis: 12.08.2020

1. Heiti verkefnis og nafn styrkþega

Sveigjanlegt nám – sveigjanlegir kennsluhættir. [Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum \(MSS\)](#).

2. Um verkefnið

Með tilkomu meiri sveigjanleika í námi verður til krafa um að leiðbeinendur öðlist færni og kunnáttu í kennslufræði fjar-, dreifi-og vendináms. Leiðbeinendur þurfa að öðlast færni í notkun tækni auk þess að þekkja kennslufræðileg grundvallaratriði í kennslu sem fer að mestu fram í gegnum netið.

3. Markmið verkefnis

Markmið með verkefninu eru að efla færni og þekkingu leiðbeinanda í námsleiðum sem kenndar eru í fjar-, dreifi-og vendinámi. Að veita leiðbeinendum tækifæri til að læra hver af öðrum í gegnum jafningjafræðslu og sameiginlegan gagnagrunn. Að skapa sameiginlegan gagnagrunn sem nýtist leiðbeinendum og verkefnastjórum við þróun kennsluhátta.

4. Hverjir voru helstu samstarfsaðilar?

Á ekki við.

5. Hver er helsti ávinningur af verkefninu fyrir markhóp framhaldsfræðslunnar?

Til þess að koma betur til móts við þarfir fullorðinna námsmanna hefur sveigjanleiki í námi verið aukinn til muna, þannig er hægt að gera námsmönnum kleift að stunda námið þegar þeim hentar. Þegar nám er gert sveigjanlegra og aðgengilegra með dreifi-, - fjar- og vendikennslu þurfa aðferðir og nálgun leiðbeinandans að breytast að sama skapi.

6. Lokaafurð/ir verkefnis

Vinnustofur/námskeið fyrir leiðbeinendur í námsleiðum þar sem kennt var í dreifi-, fjar- og vendinámi. Afurð námskeiðsins í heild er kennsluvefur þar sem farið er ítarlega í skipulag fjarkennslu með tengingu við kennslufræði fullorðinna. Þar eru upptökur um notkun Moodle og nokkur tækniverkfæri sem og efni um námsmat í fjarkennslu.